

Starfsreglur fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.

1. Inngangur

Breyting var gerð á nafni, samþykktum og rekstrarformi Brynju, Hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands, kt. 420369-6979 í júní 2022. Félagið er nú rekið sem sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og ber nafnið Brynja leigufélag ses. (Brynja). Var breytingin samþykkt af meirihluta stjórnar ÖBÍ og af stjórn Brynju leigufélags ses. (stjórn Brynju).

Mikilvæg breyting á samþykktum Brynju er tilkoma 25 manna fulltrúaráðs sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins, í samræmi við viðeigandi lög og samþykktir félagsins. Samkvæmt samþykktum skal fulltrúaráð setja sér starfsreglur og skulu þær að jafnaði teknar fyrir á fyrsta haustfundi nýs fulltrúaráðs. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög eða samþykktir Brynju kveði á um annað. Atkvæði formanns fulltrúaráðs ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

2. Skipun fulltrúa í fulltrúaráð

Samkvæmt samþykktum Brynju er skipunartími fulltrúa tvö ár og miðast við áramót. Undantekning er skipun fyrsta fulltrúaráðsins sem miðast við nóvember 2022 og situr út árið 2023. Samfelldur skipunartími einstakra fulltrúa skal vera að hámarki átta ár. Skipunartími formanns fulltrúaráðs er óháður fyrri setu í ráðinu.

Fulltrúaráð og stjórn Brynju fela framkvæmdastjóra að senda út formlegt erindi varðandi skipun fulltrúa sem er á hendi eftirtalinna aðila:

Stjórn ÖBÍ	19 fulltrúar
Leigjendur hjá Brynju, skipaðir af málefnaþóp ÖBÍ um húsnæðismál	2 fulltrúar
Samband íslenskra sveitarfélaga	2 fulltrúar
Ráðherra sem fer með málefni fatlaðs fólks	1 fulltrúi
Ráðherra sem fer með húsnæðismál	1 fulltrúi

3. Formaður fulltrúaráðs

Formaður ÖBÍ er formaður fulltrúaráðs Brynju, stýrir fundum og skipuleggur starfsemi fulltrúaráðsins í samstarfi við stjórnarformann Brynju.

4. Hlutverk fulltrúaráðs

Fulltrúaráðsfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins samkvæmt því sem lög og samþykktir félagsins ákveða. Hlutverk fulltrúaráðsins er einkum að:

- Vera tengiliður á milli stjórnar Brynju og þeirra aðila sem skipa fulltrúa í fulltrúaráð félagsins



- b) Fylgjast með rekstri félagsins og samþykkja ársreikninga
- c) Skipa stjórnarmenn og endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum þeirra
- d) Ákveða þóknun stjórnar og fulltrúaráðs
- e) Viðhalda samþykktum félagsins og setja nauðsynlegar reglur um starfsemi þess

Við val á stjórnarmönnum skal fulltrúaráð hafa eftirfarandi þætti til viðmiðunar:

- a) Stjórnin skal hafa nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi félagsins og tryggja skal að kynjahlutföll séu sem jöfnust
- b) Meta þarf hæfi einstakra stjórnarmanna til að rækja hlutverk sitt
- c) Stjórnarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess

Stjórn Brynju skal annast um og fylgja eftir að ákvörðunum fulltrúaráðsfunda sé framfylgt.

5. Fundir fulltrúaráðs

Fastir fundir fulltrúaráðs skulu vera tveir á ári. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok maí á hverju ári og haustfundur skal haldinn fyrir lok nóvember á hverju ári.

Aukafund skal halda innan tíu daga að kröfu meirihluta fulltrúaráðs, meirihluta stjórnar, framkvæmdastjóra eða endurskoðanda.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög eða samþykktir Brynju kveði á um annað. Atkvæði formanns fulltrúaráðs ræður úrslitum falli atkvæði jöfn.

Hver fulltrúi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til formanns fulltrúaráðs með sjö daga fyrirvara fyrir fulltrúaráðsfund.

Þrjú fastafulltrúar úr framkvæmdaráði ÖBÍ skipa valnefnd sem starfar á vegum fulltrúaráðs og aðstoðar við val á stjórnarmönnum í Brynju. Formaður fulltrúaráðs er jafnframt formaður valnefndar.

6. Boðun fulltrúaráðsfunda

Formaður fulltrúaráðs boðar til fulltrúaráðsfundar með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarboð skal sent öllum fulltrúaráðsmönnum í formi tölvupósts eða á annan sannanlegan hátt og skal dagskrár getið í fundarboði.

Fundur fulltrúaráðsins er lögmætur ef boðað hefur verið til hans með lögmætum hætti og meira en helmingur fulltrúaráðsmanna er viðstaddur.

7. Aðalfundur fulltrúaráðs

Fastir dagskrárliðir aðalfundar skulu jafnan vera:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Endurskoðaður ársreikningur liðins starfsárs kynntur og lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og fulltrúaráðs
4. Kosning endurskoðanda
5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, löglega upp bornar skv. 15. gr. samþykktar
6. Önnur mál

Stjórnarformaður Brynju setur aðalfund og gerir tillögu um fundarstjóra sem tekur við stjórn fundarins. Þá er skipaður ritari fundarins. Ef fundurinn samþykkir er heimilað að fundarritari, fundarstjóri og formaður fulltrúaráðs gangi frá fundargerð sem skal send öllum fulltrúum eigi síðar en sjö dögum eftir aðalfund.

Heimilt er að bjóða völdum gestum sem tengjast starfsemi Brynju á aðalfund í samráði við formann fulltrúaráðs og stjórnarformann Brynju.

8. Haustfundur fulltrúaráðs

Fastir dagskrárliðir haustfundar skulu jafnan vera:

1. Kynning á starfsemi félagsins og áhersluverkefni til næstu ára
2. Yfirlit um rekstur líðandi árs og rekstrar- og fjárfestingaráætlanir næstu ára
3. Skipun stjórnarmanna í stjórn Brynju, þ.m.t. skipun formanns og varaformanns
4. Önnur mál

Hlutverk haustfunda er að veita upplýsingar um framtíðaráform og áhersluverkefni Brynju. Fundargerð haustfundar skal senda fulltrúum eigi síðar en sjö dögum eftir fundinn.

9. Fundargögn, fundargerðir og aðrar upplýsingar sem fram koma á fundum

Ársskýrslur, starfsreglur fulltrúaráðs og helstu fundargögn hvers fulltrúaráðsfundar skal birta á skipulegan hátt á heimasíðu Brynju.

10. Önnur ákvæði

Formaður fulltrúaráðs er talsmaður fulltrúaráðs Brynju varðandi þau málefni sem sérstaklega er beint til fulltrúaráðsins. Þá skulu fulltrúar kynna sér lög nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Fulltrúar skulu virða trúnað.

Samþykkt af fulltrúaráðsfundi Brynju leigufélags ses. þann 22. nóvember 2022

F.h. fulltrúaráðs Brynju leigufélags ses.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður